Hörðuvellir - Heilsu- íþrótta- og fræðasetur. Miðsvæði - Breytt deiliskipulag



Heilsu-, íþrótta- og fræðasetur, hótel og íbúðir við Tröllakór, Hörðuvellir. Mkv. 1:1000
Samþykkt/staðfest 19.07.2005.



Tillaga að breyttu deiliskipulagi. Mkv. 1:1000



Hluti Aðalskipulags Kópavogs 2019-2040

Staðfest af Skipulagsstofnun 28. desember 2021

Skýringar

- Byggingarreitur
- Bílageymsla í kjallara (Byggingarreitur)
- Leiðbeinandi byggingarlína
- Mörk skipulagssvæðis (Skipulagsmörkum er hliðrað til við lóðarmörk)
- Lóðarmörk
- Öryggissvæði í kringum knattvöll
- 5 h+k — Fjöldi hæða og kjallari
- Kvöð um gróður
- B 24/0,7 — Heildarfjöldi bílastæða/ hlutfall í kjallara
- Reiðleið
- Göngustígur
- Jarðsprunga — Þekktar sprungur
- Manir
- Brú eða undirgöng/ upphækkun og/eða þrenging
- Leiðbeinandi staðsetning Vatnsendavegar sem tvöföldum (2+2) veg, þ.e. komi til framtíðarbreytinga á honum.
- Gömul landamerki (leigulanda- bletta) / girðingar
- Opið óbyggt svæði
- Mastur fyrir flóðlýsingu (Leiðbeinandi staðsetning)
- Núverandi byggingar
- B 180 — Fjöldi bílastæða (Leiðbeinandi fyrirkomulag)
- Aðstaða sjónvarps- og fréttafólks (Leiðbeinandi staðsetning)
- Inngangur að afgirtri stúku (Leiðbeinandi staðsetning)
- Leyfilegt að girða af notkunarsvæði stúku (Leiðbeinandi staðsetning)



Hörðuvellir - Miðsvæði (Heilsu- íþrótta og fræðslusetur). Breytt deiliskipulag Vallakórs 1-3 og 6-8. 18. mars 2014. Mkv. 1:1000
Samþykkt/staðfest í bæjarráði 28.08.2014.

Vallakór 12-16 - Samantekt á núverandi stöðu

Núverandi byggingarmagn	Lóðarstærð	Núverandi nýtingarhlutfall	Núverandi leyfilegt byggingamagn	Fjöldi bílastæða skv. Aðaluppdráttum
22.543 m²	67.662 m²	0.33	41.500 m²	369

GREINARGERÐ

Almennt

Lóðin NR 12,14 og 16 við Vallarkór er 67.662 m² að stærð.
Núverandi byggingarmagn á lóðinni skiptist niður á eftirfarandi hátt:
• MHL 01-Fjölnota íþróttahús (Knatthús), bruttöfermetrar 25.513,8 m² og brúttórúmmál 244.985,4 m³.
• MHL 02-Dælustöð; bruttöfermetrar 29,5 m² og brúttórúmmál 89,1 m³.
Núverandi fjöldi bílastæða á lóðinni er 369 stæði sem jafngildir 61 stæði á hvern m² byggingarmagns.

Afmörkun og stærð skipulagssvæðissins

Tillagan er í samræmi við gildandi Aðalskipulag Kópavogs 2019 - 2040 sem samþykkt var í bæjarstjórn Kópavogs 28. september 2021 og staðfest 28. desember 2021.
Deiliskipulagsbreytingin nær til svæðis sem merkt er ÍB-9 og S-53 í Aðalskipulaginu auk opins svæðis í bæjarlandi merktu OP509.
Svæðið afmarkast af tengigötu Vallarkórs til austurs, hesthúsalóðum við Heimsenda til suðurs, íbúðabyggð við Tröllakór til vesturs og af Vatnsendavegi til norðurs. Skipulagssvæðið er um 7 ha að flatarmáli.
Skilmálar þessir gilda fyrir Vallarkór 12, 14 og 16.

Skipulag í gildi

Upphaflegt skipulag svæðisins er Deiliskipulag Hörðuvalla, dagsett 14. apríl 2003 með síðari breytingum.
Þar kveður á um forsendur og markmið tillögunar, áhrif byggðar á umhverfið, aðkomu, umferð, lýsingu á landi, lýsing á göngu- og reiðleiðum, ákvæð um bílageymslur og bílastæði og nánari útfærsla á skilmálum.
Einnig er vísað í eftirfarandi greinargerðir og skilmála deiliskipulagsbreytinga:
Hörðuvellir - Heilsu- íþrótta- og fræðasetur. Miðsvæði - Breytt deiliskipulag, dagsett 19. mars 2005 með síðari breytingum. Hér var m.a. afmarkaður bygginareitur fyrir fjölnota íþróttahús (knatthús) og skóla á lóðinni.
Leyfilegt byggingarmagn 54.500 m².
Hörðuvellir - Miðsvæði (Heilsu- íþrótta og fræðslusetur) - Breytt deiliskipulag Vallakórs 1-3 og 6-8, dags. 18. mars 2014. Hér var m.a. lóðin minnkuð til austurs og var sá hluti skipt upp tvær nýjar lóðir, Vallakór 6 og 8 og ný tengigata gerð fyrir aðkomu að lóðunum. Við þetta minnkaði leyfilegt byggingarmagn á lóðinni sem þessi deiliskipulagsbreyting nær til úr 54.500 m² í 41.500 m².

Viðfangsefni og markmið

Fyrirhuguð er að breyta núverandi knattvelli sem liggur norðan við fjölnota íþróttahúsið þannig að hann uppfylli kröfur Knattspyrnusambands Íslands (KSÍ) til knattleikja í efstu deild en þar er m.a. kveðið á um lágmarksfjölda áhorfenda í sætum með yfirbyggðu þaki auk aðstöðu fyrir fréttafólk, varamenn, dómara, sjónvarpsútsendingar og flóðlýsingu. Markmið breytingarinnar er að styrkja svæðið sem heilsu-, íþrótta- og fræðisetur í sessi og setja heildstæða framtíðarsýn fyrir svæðið og skilmála um uppbyggingu.
Við nánari hönnun mannvirkja m.a. taka mið af lýðheilsu, fagurfræði, hagkvæmni og virkterfi.
Tillaga að breyttu deiliskipulagi
Leyfð er bygging yfirbyggðar áhorfendastúku, allt að 3000 m² að stærð og á tveimur hæðum auk kjallara.
Einnig er lóðarmörkum við Vatnsendaveg breytt til að rýmka fyrir. Þannig stækkar lóðin c.þ.b 600 m².
Byggingarreitur framhaldsskóla er breyt.

Áhrifamat

Deiliskipulagsbreyting þessi skilgreinir ekki heimildir til framkvæmda sem liklegar eru til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif og er því ekki háð lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana skv. ákvæðum laga nr. 111 frá 2021. Í samræmi við 5.4.1. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 og 14. gr. laga nr. 111/2021 er lagt mat á hugsanleg áhrif skipulagsins á umhverfis- og samfélagsþætti. Umhverfisáhrif eins og áhrif á útsýni, umferðarörygggi, ásýnd svæðisins, verðurfar og svipmót núverandi byggðar eru metnar sem jákvæð. Lóðarhönnun verður aðlöguð að núverandi umhverfi og jákvæð tengsl íþróttasvæðisins og skólans við umhverfið styrkt. Ekki er um nýja starfsemi að ræða á skipulagssvæðinu og er þessi áframhaldandi uppbygging á svæðinu styrkt er talin hafa jákvæð áhrif á samfélagið, svipmót byggðarinnar og nærliggjandi umhverfi. Þess skal gætt að öll starfsemi á svæðinu uppfylli kröfur um hollustuhætti, hávaða og fylgi viðeigandi lögum og reglugerðum.

Byggingarnar

Byggingarnar munu veita íþróttasvæði skjól, skapa heilstæða götumynd við Vallakór og mynda saman samstæða heild. Við hönnun og framkvæmd byggingarnna skal gæra ráðstafanir til að tryggja að útlit og yfirbragð þeirra rýmni ekki þótt þær verði ekki allar byggðar á sama tíma. Byggingarnar verða að geta staðið sjálfstæðar sem fullkláraðar einingar jafnvel þótt hluti þeirra verði byggður síðar.

Flóðlýsing

Flóðlýsingin verður með LED lýsingi sem uppfyllir alþjóðlega staðla sem og íslenskan staðal um utanhússlýsingu ÍST EN 12193:2007 til flóðlýsingar. Grenndaráhrif vegna lýsingar eru talin óveruleg skv. þeim útreikningum á lýsingu sem liggja fyrir. Ljósabúnaði skal vera uppstillt þannig að hann veiti góða afskermingu og bjóði upp á stýringu ljósstyrks. Notast verður við LED flóðljós. Ljósamöstrin verða fjögur, að hámarki 25m. há og staðsett utan við hvert horn leikvallar, sbr. breytingaruppdrátt. Ljósstyrkur verður að jafnaði 200 LUX en að hámarki 500 LUX á KSÍ keppnisleikjum 2. flokks og meistaraflokks. Keppnislýsing á sjónvarpsleikjum í efstu deild verður að hámarki 800 LUX. Farið verður eftir samþykktri tímatöflu HK um notkun flóðlýsingar. Lýsing verður takmörkuð við keppnisleiki í 2. flokki og meistaraflokki á tímabilinu 15. apríl - 15. ágúst. Miðað er við að vallarlýsing séu ekki í notkun þegar hennar gerist ekki þörf. Flóðlýsing skal slökkt í síðasta lagi 22:30 á virkum dögum og ávallt slökkt þegar völlurinn er ekki í notkun.

SKILMÁLAR AÐ BREYTTU DEILISKIPULAGI

Skilmálar þessir gilda innan marka deiliskipulagsins.

Byggingarreitir

• Byggingar skulu vera innan bygginarreita. • Leyfilegt er að þakbrún áhorfendastúku gangi allt að einum metra út fyrir byggingareit. • Leyfilega hámarkshæð bygginga ásamt hæðafjölda er gefin upp á uppdrátturm.
• Eftstu brúnir útveggja mega ekki fara upp fyrir tilgreindar hámarkshæðir en heimilt er að lyftuhús, loftræsiamstæður o.þ.h. fari upp fyrir gefnar hæðir. • Kótar stakra hæða þ.e. aðrir en hámarkskótar á skýringarmyndum eru eingöngu til leiðbeiningar. • Til að gefa svigrúm fyrir smærri viðbyggingar og/eða breytingarná byggingarreitir almennt 4 metra út frá útveggjum núverandi bygginga og mega þær ekki vera hærri en núverandi byggingar. • Hámarkshæð mastra fyrir flóðlýsingu boltavallarins er gefin upp á uppdráttrum. • Staðsetning mastra og flóðlýsingar á uppdrætti er leiðbeinandi. og leyfilegt er að staðsetja hana á stúku og/eða aðliggjandi byggingum. • Leyfilegt er að staekka og/eða byggja við núverandi dæluhús (Mh 02, 29,5 m²) fyrir nauðsynlegan tæknibúnað m.a. til að vökva og hita upp knattvöllinn.
• Vestan við miðjan völlinn, á móti stúku er leyfilegt að byggja tveggja hæða skýli fyrir fréttafólk og kvikmyndatöku.
Byggingarreitur þess er 56 m² og 6 metrar að hæð mælt frá yfirborði vallar. Handrið og girðing má vera hærra.

Yfirbragð og útlit bygginga og lóðar

• Vanda skal til allrar hönnunar og frágangs bygginga og lóðar og er krafa um að hús og lóð falli sem best að núverandi umhverfi og myndi samstæða heild. • Við hönnun lóðar skal taka mið af ríkjandi vindáttum og afstöðu sólar, hluti yfirborðs skal vera gegndrepst. • Leggja skal áherslu á að vanda til við val á bygginarefnum og horfa til umhverfissjónarmiða. • Útlit bygginga skal vera vandað með fjölbreytu efnisval. Almennt skal notast við hlýlega og náttúrulega litiog efni. • Sett er kvöð um uppbrot í efnisval og áferð á austur- og norðurhlið stúkubyggingar.
• Taka skal tillit til hæðamunar lands við nánari hönnun bygginga. • Girðingar skulu vera vandaðar og falla vel að umhverfi sínu. • Þakform er frjálst.

Inngangar og aðgengi

• Miðað er við að aðalinngangur framhaldsskóla verði frá núverandi aðkomutorgi við Vallakór. • Skal þess gætt að aðgengi sé fyrir alla að mannvirkjum og að sérstakt tillit til sé tekið til þarfa barna, fatlaðra og aldraðra við tilhögun og hönnun mannvirkja, lóða, leiksvæða, útisvæða og almennisrýma. • Heimilt er að skerma af stúku, knattvöll og tilheyrandi afnotasvæði með öryggisgirðingu og er leiðbeinandi staðsetning hennar sýnd á uppdrætti.
• Skal vera snjóbræðsla á öllum helstu gönguleiðum. • Þar sem að göngueiðir þvera akleið bifreiða skal yfirborð þeirra vera í sömu hæð og aðliggjandi göngueið og/eða gangstétt og vera með annað yfirborð en sjálf akleiðin.
• Gæta verður að sérstaklega í nánari hönnun að flöttaleiðir frá núverandi byggingum haldist óskertar.

Bíla- og hjólastæði

• Kvöð eru um "grænt" yfirbragð bílastæða með trjágróður a völdum stöðum eins og sýnt er til leiðbeiningar á uppdrætti.
• Huga skal að ræðhleðslustæðum á bílastæðum, að skammtímastæðum fyrir hópferðabíla og sleppistæðum.
• Bílastæði mega að hámarki vera 390 og eru samnýtanleg öllum byggingum á lóðinni og að auki eru 55 bílastæði samnýtanleg með lóð nr. 8 við Vallakór. • Fyrirkomulag bílastæða sem sýnt er á uppdráttum er leiðbeinandi.
• Gera skal ráð fyrir reiðhjólastæðum við byggingar á lóðinni og við áhorfendastúku skuli þau vera yfirbyggð.
• Varðandi fjölda og fyrirkomulag bílastæða fyrir fatlaða skal taka mið af ákvæðum byggingareglugerðar.

Kvaðir

• Kvaðir eru um gangandi umferð og göngueiðir á svæðinu og eru leiðbeinandi staðsetningar sýndar á uppdrætti.
• Kvöð er um iagnir við göngustíg meðfram Vatnsendavegi.

Íþróttavellir

• Staðsetning æfingavalla á uppdrætti eru leiðbeinandi. • Gert er ráð fyrir að áhorfendastúkan taki allt að 1500 manns í sæti. • Tryggja skal að aðkomuleiði sjúkra- og slökkviliðsbíla inn á svæðið sé greið og óhindruð.
• Miðað er við að knattvöllurinn ásamt búningsherbergjum leikmanna, áhorfendasvæðum og öllum tilheyrandi stoðrýmum uppfylli kröfur KSÍ um leiki í efstu deild. Sjá nánar *REGLUGERÐ KSÍ UM KNATTSPYRNULEIKVANGA* frá desember 2023.

Grænt svæði

• Stækkun lóðarinnar kallar á endurskoðun á grænu svæðinu meðfram Vatnsendavegi. Í því felst færsla á núverandi stíg í áttina að veginum, færsla á núverandi trjám og aðlögun hæðarmismunar. Svæðið skal áfram vera grænt svæði sem afmarkast af lóðarmörkum Vallakórs 12-16, Vatnsendavegi og Tröllakór og með hjóla og göngustíg sem tengist áfram aðliggjandi stígakerfi Kópavogs.
• Kvöð er um gróður á svæðinu og er staðsetning hans leiðbeinandi á skipulagsuppdrætti. Skal nánari útfærsla gróðurs koma fram á lóðarteikningu og miða skal við blágrænar ofanvatnslausnir á öllu skipulagssvæðinu.
• Áfram er gert ráð fyrir að Vatnsendavegur geti í framtíðinni orðið fögurra akreina vegur (2+2).
Komi til þess skal endurskoðun fyrirkomulag hljóðvarna á svæðinu og gera ráð fyrir viðeigandi útfærslu þeirra, t.d. í formi hljóðveggja. Hljóðvarnir skulu hafa náttúrulega ásýnd og falla vel að umhverfi.
Nákvæm staðsetning þeirra skal ákveðin við endurskoðun hönnunar Vatnsendavegar.

Byggingaráform og aðaluppdrættir

Áður en aðaluppdrættir eru lagðir fyrir byggingarfulltrúa til afgreiðslu skulu hönnuðir leggja byggingaráform sín fyrir skipulags- og umhverfisráð til afgreiðslu. Í þeim skal koma fram hvernig hönnun og frágangur húsa og lóðar fellur að þeim ákvæmum eða fyrirmyndum sem fram koma í skilmálum deiliskipulagsins.

Lóða- og gatnahönnun.

Landslagshönnun og skipulag lóðarinnar og aðliggjandi svæða á þasarlandi innan skipulagssvæðisins skal tryggja heildstætt yfirbragð svæðisins í heild. Leggja skal áherslu á blágrænar ofanvatnslausnir og gróður allan ársins hring. Á lóðaruppdrætti skal m.a. gerð grein fyrir yfirborðsfrágangi lóðar, hæðarsetningum, tegund gróðurs, göngueiðum innan lóðar, afgirðingu stúkusvæðis og frágangi ásamt staðsetningu hjólastæða. Einnig skal gera grein fyrir aðkomu neybarbíla og þjónustuvéla valla.

Mæli og hæðarblöð

Mæli- og hæðarblöð verða uppfærð og gefin út í kjölfar breytinga á deiliskipulaginu. Hæðarkótar húsa og lóða mun koma fram á hæðarblaði. Lóðasterð mun koma fram á mælliblaði. Sá fyrirvari er gerður að stærðir og hæðarlega getur breyst við gerð hæðar- og mælliblaða.

Skilti

Fyrirkomulag skilta skal vera í samræmi við reglur um auglýsingar í íþróttamannvirkjum Kópavogsbæjar og eftir atvikum í samræmi við samþykkt um skilti í Kópavogsbæ þegar þær taka gildi sem og reglugerð KSÍ um Knattspyrnu leikvanga. Ljósaskilti og rafrænn vallarklukka skulu vísa inn á völlinn og slökkt í síðasta lagi klukkan 22:30 á kvöldin. Við hönnun skilta og merkinga skal gæta þess að þau séu ekki truflandi vegna stærðar, lýsingar eða ásýndar fyrir nærliggjandi íbúðarbyggð. Skilti skal sýna á aðaluppdráttum.
Taka skal tillit til umlykjandi byggðar svo sjón-/ ljósmengun sé í lágmarki.
Óheimilt er að setja ljósaskilti utan á byggingar á skipulagssvæðinu.

Að öðru leiti gilda eldri skilmálar deiliskipulags Hörðuvalla sem samþykkt var af bæjarstjórn Kópavogs 24. júli 2003 ásamt síðari breytingum.



Skýringarmynd: Sneiðing A-A Mkv 1:750
Efstu kótar sýna leyfilega hámarks hæð bygginga



Skýringarmynd: Sneiðing B-B Mkv 1:750
Efstu kótar sýna leyfilega hámarks hæð bygginga

Vallakór 12-16 - Breyttir skilmálar

Leyfilegt byggingamagn samtals	Lóðarstærð	Leyfilegt nýtingarhlutfall	Leyfilegur fjöldi bílastæða
41.500 m²	68.262 m²	0.61	390

Skilmálatafla eftir breytingu

Deiliskipulagsbreytingin er sett fram í greinargerð þessari með skipulagsuppdrætti.
Það er unnið af VA arkitektum fyrir hönd Kópavogsbæjar.
Grunnkort er í ísn93 hnitum og fengið frá Landupplýsingum Kópavogsbæjar (LUK).

Fjölnota íþróttahús/knatthús	15.000 m²
Skóli (Kóraskóli)	8.500 m²
Framhaldsskóli (Óbyggður, nr. 12)	15.000 m²
Áhorfendastúka	3.000 m²
Samtals	41.500 m²

Dreifing leyfilegs byggingamagns á byggingareiti (leiðbeinandi)

Meðfylgjandi gögn með skipulagsuppdrætti nr. 001 eru skuggavarp nr. 002
og skýringarmyndir nr. 003.

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43 gr.skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt þann _____ 2025
af embætti skipulagsfulltrúa Kópavogs.

_____

Tillagan var auglýst frá _____ með athugasemdarfresti til _____

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____

_____

A - Uppdráttur uppfærður – 29.10.2025

• Bætt við bygginarreit fyrir aðstöðu fréttafólks og sjónvarpsútsendinga.

• Bætt við texta að ekki sé verið að breyta Vatnsendavegi, og að heimild gildir enn að það megi tvöfalda hann.

• Slökkt er á vallarklukku í síðasta lagi 22:30 þ.e. á sama tíma og flóðlýsing.

DEILISKIPULAG
Hörðuvellir

VERKKAUPI: Bæjarskrifstofur Kópavogs
KENNITALA: 7001693759
NÚMER SKJALS: ONE 23112060

DEILISKIPULAG — Blað 1 af 3

EFNI:	Heilsu- íþrótta- og fræðasetur. Miðsvæði - Breytt deiliskipulag		
MÆLIKVARÐI:	1: 1000 og 1:750		
FRUMSTÆRÐ BLAÐS:	A0		
TEIKNAÐ:	KMK	VERKNR:	2332
YFIRFARIÐ:	IC	TEIKN. NR:	001
DAGSETNING ÚTGÁFU:	03.07.2025	ENDURSK:	Á

VA.ARKITEKTAR
laugavegi 26
101 reykjavík
kt. 450400-3510
sími: 530 6990
vaarkitektar@vaarkitektar.is
www.vaarkitektar.is

ÚTGEFANDI: Karl Magnús Karlsson KT: 140566-5949